

208 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Korts-  
22. okt. sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. okt. 1952.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Guðmundar Kortssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar Kortssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 1000.00 af kirkjukór Kálfatjarnarsóknar 25. júlí 1952, til minningar um Guðmund Kortsson, Bræðraparti í Vogum á Vatnsleysuströnd, eins af stofnendum og ötulum stuðningsmanni kirkjukórsins meðan hans naut við. F. 25. júlí 1895, d. 20. maí 1951.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungt fólk í Vatnsleysustrandarhreppi til þess að læra söng og orgelleik.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.

5. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum —. Þann höfuðstól má aldrei skerða. Fjárveitingar úr sjóðnum og rekstur hans og stjórn skal annast nefnd, sem skipuð sé af kirkjukór Kálfatjarnarsóknar. Ef ekki er starfandi kirkjukór í hreppnum, skal sóknarnefnd Kálfatjarnarsóknar taka sjóðinn í sína vörzlu og stjórna honum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

6. gr.

Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands eða á öðrum tryggum stað. Styrk úr sjóðnum skal jafnan veita 25. júlí.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skal sóknarprestur Kálfatjarnarsóknar vera sjálfkjörinn endurskoðandi reikninganna.

Vogum, 19. september 1952.

Stjórn kirkjukórs Kálfatjarnarsóknar.

Hulda Þorbjörnsdóttir,  
formaður.

Katrín S. Ágústsdóttir,  
ritari.

Helgi Davíðsson,  
gjaldkeri.

Símon Kristjánsson.

Sigurjóna Jóhannsdóttir.